



Skýrsla frá 32. ráðstefnu AEFCA,
evrópska knattspyrnuþjálfarafélagsins
í Tyrklandi 19. – 23. nóvember 2011

Sigurður Þórir Þorsteinsson
Ómar Jóhannsson

High levels of quality at 32nd AEFCA Symposium in Antalya

Í þriðja skipti frá stofnun evrópska knattspyrnuþjálfarafélagsins var ráðstefnan haldin í Tyrklandi á vegum tyrkneska þjálfarafélagsins, TUFAD og knattspyrnusambands Tyrklands TFF. Að þessu sinni var ráðstefnan í Antalya 13.-23. nóvember 2011.

Dagur 1

"Football Development - Today & Tomorrow"

Á fyrsta degi var aðal áhersla lögð á fótboltann í framtíðinni. Tæknistjóri UEFA, Andy



Roxburgh hóf daginn á kynningu á FC Barcelona og sýndi fram á með því að nota það félagslið sem mælikvarða til að skilgreina þær kröfur sem í dag eru gerðar fyrir hágæða fótbolta. Þar sem meðal annars var velt upp þeirri spurningu hvort yfirleitt væri hægt að herma eftir kerfi Barcelona til að ná árangri. Í framhaldi af þessum vangaveltum hvatti hann þátttakendur til að taka þátt í umræðum um hvernig stuðningsmenn, fjölmiðlar, stjórnendur, þjálfarar, dómarar og að

sjálfsögðu leikmennirnir sjálfir geta tekið þátt í að móta knattspyrnu framtíðarinnar.

Peter Rudbæk tæknistjóri hjá danska knattspyrnusambandinu, DBU skýrði frá Evrópukeppni U21sem haldin var í Danmörku og lauk með verðskulduðum sigri Spánverja. Einnig fjallaði yfirmaður þróunar hjá þýska knattspyrnusambandinu, DFB Jörg Daniel um ýmsar útfærslur á því hvernig skuli verjast föstum leikatriðum en hann er auk þess að vera þróunarstjóri er hann yfirmaður hjá þýska knattspyrnusambandinu og ber ábyrgð á markmannsþjálfun þjálfara.

Dagur 2

Turkish football in the focus of attention

Annar dagur ráðstefnunar var tileinkaður Tyrklandi og tyrkneskum fótbolta. Núna fengu fulltrúar landsins tækifæri á að kynna og tjá sína skoðun á knattspyrnunni eins og hún er í dag og fengu þeir tækifæri á að velta fyrir sér áskorunum framtíðarinnar.

Framkvæmdastjóri TUFAD, Alaadin Naganlu kynnti þjálfara landsins en í knattspyrnuþjálfarafélagi Tyrklands eru um 17 þúsund einstaklingar. Sannarlega



krafmikið félag.

Tolunary Kafkas sem er nýkjörinn forseti tyrkneska knattspyrnusambandsins fjallaði í grófum dráttum um leit að ungum afreksmönnum og mikilvægi þess að fólk vinni saman í gegnum internetið „networking“. Hann benti jafnframt á að aldursdreifing landsins væri þeim hagstæð þar sem um það bil 19 milljónir íbúa Tyrklands væru undir 19 ára að aldri og því eru þeir mjög bjartsýnir á framtíðina. Deginum lauk svo með æfingum á vallarsvæði hins glæsilega hótels Kervansary Lara sem Mehmet Özdilek yfirþjálfari tyrkneska úrvaldsdeildarliðsins Antalyaspor sá um.

Dagur 3

Powerful women



Dagurinn hófst á fyrirlestri frá Willi Rutensteiner tæknistjóra austurríska knattspyrnisambandsins ÖFB þar sem hann leikgreindi leiki fyrir FIFA, HM U17 og U20 sem fóru fram á árinu. Á fyrirlestrinum sýndi hann öllum hversu mikla hæfileika þessir ungu leikmenn frá öllum þáttökulöndum bjuggu yfir.

Vera Pauw frá rússneska knattspyrnusambandinu kynnti tölfræði frá heimsmeistaramóti kvenna sem fór fram í Þýskalandi á árinu. Lagði hún áherslu á hve þróun í kvennaboltanum er á góðri leið.



Pia Sundhage, hin sænski þjálfari bandaríska kvinnalandsliðsins var með frásögn af upplifun hennar og landsliðs Bandaríkjanna af þátttöku í mótinu og jafnframt frá úrslitaleiknum og tapi þeirra gegn Japan. Í fyrirlestrinum rakti hún leið liðsins á mótinu allt frá hinum gríðarlega mikla undirbúningi sem þar fór fram alla leið í úrslitaleikinn. Leggur hún mikla áherslu á að liðsandinn sé

einkennandi af miklu trausti og öryggi en það er að hennar mati það sem tryggir að leikmanni líði vel og þar með eigi sína bestu framistöðu í leik. Einnig er mikilvægt að hennar sögn að fá tækifæri á að líta til baka og læra af reynslunni.

Lokaorð :

Það er ekki ofsögum sagt að á hverri einustu ráðstefnu sem farið er á komi alltaf einhverjar nýjar upplýsingar fram sem nýtast knattspyrnuþjálfurum. Þau sem fara á slíkar ráðstefnur hitta og fylgjast með fyrirlesurum sem koma svo til ár eftir ár. Hittum við þátttakendur sem koma ár eftir ár á slíkar ráðstefnur, einnig er það þannig að það koma að sjálfsögðu nýir einstaklingar á ráðstefnurnar sem eru haldnar árlega í Evrópu.



Eitt af hlutverkum KBÍ er að efla samskipti við erlendar þjóðir, knattspyrnuþjálfarafélög og knattspyrnusambönd. Það er svo sannarlega hægt að segja að við höfum náð að gera það í gegnum tíðina. Á þessari ráðstefnu funduðu fulltrúar Norðurlandanna með fulltrúum Hollendinga um að í lok þessa árs eiga fulltrúar Norðurlandann þess kost að hittast á stórra ráðstefnu í Hollandi. Þessi mál eru í vinnslu og mun Teddy Moen, framkvæmdastjóri norska þjálfarafélagsins

leiða þá vinnu fyrir hönd Norðurlandanna og munum við að sjálfsögðu kynna það fyrir íslenskum þjálfurum þegar þar að kemur.

Á þessari ráðstefnu AEFCA sem haldin var í þriðja skipti í Tyrklandi eins og fram hefur komið voru margir mjög áhugaverðir og athyglisverðir fyrirlestrar og verðum við að segja sérstaklega frá fyrirlestri Pia Sundhage en hún var mjög góð og fór ótroðnar slóðir í aðferðum sínum og söng m.a. fyrir ráðstefnugesti í fyrirlestri sínum.

Á þessari ráðstefnu var tilkynnt að næsta ráðstefna evrópska knattspyrnuþjálfarafélagsins verður haldin í Split í Króatíu um mánaðarmótin október/nóvember á þessu ári.

Ef það eru einhverjar spurningar sem vakna varðandi ráðstefnuna þá skuluð þið ekki hika við að hafa samband við okkur.

Sigurður Þórir Þorsteinsson

Ómar Jóhannsson